

Gátlisti fyrir starfsstaði SFS.

Innra mat



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – INNRA MAT

Innra mat

Þessi gátlisti er ætlaður starfsfólki SFS til að þróa og efla innra mat með hliðsjón af menntastefnu Reykjavíkurborgar. Gátlistinn er unnin upp úr gæðaviðmiðum um ytra mat í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Hann er fyrst og fremst til stuðnings fyrir starfsstöðvar á vettvangi. Starfsstaðirnir geta nýtt gátlistann á þann hátt sem þeir vilja en lagt er til að starfsfólk noti hann til umræðu og mats á hvernig staðan er og hvaða áherslur eru framundan.

Með því að meta starfið í upphafi innleiðingar menntastefnunnar eru starfsstaðir með mikilvæg gögn til að byggja á í innleiðingu hennar næstu árin, skoða stöðuna í upphafi og meta framfarir.

Matskvarði:

Matskvarðinn byggir á fimm punkta kvarða, þar sem starfsfólk metur hverja vísbendingu út frá viðmiðum sem menntastefnan byggir á. Vísbendingunum fylgir kvarði sem segir til um að hve miklu leyti starfsstaðurinn uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Kvarðinn er eftirfarandi:

KVARÐI	
5	Að fullu komið til framkvæmdar
4	Að miklu leyti komið til framkvæmda
3	Að hluta til komið til framkvæmda
2	Að litlu leyti komið til framkvæmda
1	Ekki komið til framkvæmda



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – INNRA MAT

Viðmið fyrir innra mat í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.

Með innra mati er skólum/frístundastarfi gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skoðar er hvernig skólinn/frístundin stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni barna/unglinga að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um virkt lærdómssamfélag þar sem starfsfólk læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Markmiðið með þessum gátlista er að styðja við innra mat leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í þeim tilgangi að efla innra mat í innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar. Markmiðið er einnig að styrkja og efla þátttöku starfsfólksins í matinu. Með því að meta starfið í upphafi innleiðingar menntastefnunnar eru starfsstaðir með mikilvæg gögn til að byggja á í innleiðingu hennar næstu árin, sýna fram á og meta framfarir.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að því að efla innra mat í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.	5	4	3	2	1	Skýring /Rök
1. Áætlun um innra mat nokkur fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.						
2. Áætlun endurspeglar að áhersluþættir menntastefnunnar eru metnir.						
3. Áætlun um innra mat fyrir komandi skólaár, liggur fyrir.						
4. Í skólanámskrá/aðgerðaráætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem starfsstaður fer við að meta sitt innra starf.						
5. Greinargerð um innra mat er birt opinberlega þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.						
6. Umbótáætlun er birt á heimasíðu starfsstaðar.						
7. Umbótáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.						
8. Markmið starfsstaðarins eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti (t.d. gátlistar um fimm þætti menntastefnunnar).						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – INNRA MAT

9. Fyrir hvern grunnþátt menntastefnunnar eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.						
10. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.						
11. Upplýsingaflæði frá skóla er reglulegt og samræmt innan starfsstaðarins.						
12. Markvisst er unnið með niðurstöður kannana og skimana í innra mati.						
13. Mat á framförum barna/unglinga fer fram með einhverjum hætti reglulega.						
14. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.						
15. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.						
16. Í greinargerð um innra matið er fjallað um að hve miklu leyti markmið starfsstaðarins hafa náðst.						
17. Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.						
18. Þegar niðurstöður liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.						
19. Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.						
20. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst, út frá þeim viðmiðum sem voru.						
21. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.						
22. Starfsstaðir geta sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.						
23. Innra mat er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skóla- og frístundastarfinu.						
Viðbótarvísendingar frá starfsstöðinni.						
24.						
25.						
26.						
27.						
28.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísendinga:						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – INNRA MAT

Litirnir í vísbendingunum sýna meðaltalsútkomu í hverjum þætti:

MATSKVAÐI			Fjöldi	%
4,1-5,0	5	<i>Að fullu komið til framkvæmdar</i>		
3,1-4,0	4	<i>Að miklu leyti komið til framkvæmda</i>		
2,1-3,0	3	<i>Að hluta komið til framkvæmda</i>		
1,1-2,0	2	<i>Að litlu leyti komið til framkvæmda</i>		
0-1,0	1	<i>Ekki komið til framkvæmda</i>		

